

Fimmtudaginn 19. nóvember 1992.

Nr. 79/1992.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Guðmundi Lárussyni

(Magnús Thoroddsen hrl.).

Tolllagabrot. Fyrningu hafnað. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 17. febrúar 1992.

Brot ákærða er sannað með eigin framburði hans og öðrum gögnum málsins. Varðar það við 1. mgr. 123. gr., sbr. 124. gr. tollalaga nr. 55/1987. Fyrrgreinda ákvæðisins er ekki getið í ákærinni, svo sem eðlilegt hefði verið, en það þykir þó ekki eiga að valda frávísun málsins, sbr. 3. mgr. 118. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, sbr. nú 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991.

Rekstur máls þessa hjá lögreglu, ákærvaldi og fyrir dómi er rakinn í hinum áfrýjaða dómi. Ákærði kom fyrst fyrir dóm vegna málsins 26. apríl 1991, er honum var boðið að ljúka því með dóm-sátt. Voru þá liðin um það bil 2 ár og 10 mánuðir, frá því að brot hans var framið.

Hin sérstaka fyrningarregla 2. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 5. gr. laga nr. 20/1981, mælir fyrir um 5 ára fyrningarfrest brota, þar sem sakborningur „kemur sér undan greiðslu á tollum, sköttum eða öðrum gjöldum til hins opinbera“. Brot ákærða laut að kaupum á varningi, sem honum var ljóst, að var ólöglega fluttur til landsins. Var reglna um greiðslu opinberra gjalda í engu gætt. Fellur þetta atferli hans undir ofangreint ákvæði, sbr. 2. mgr. 124. gr. tollalaga, og er það því ekki fyrnt.

Samkvæmt framansögðu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur um annað en fjárhæð sektar. Með hliðsjón af rekstri málsins, sem dróst óhæfilega á langinn, þykir sekt ákærða nú hæfilega ákveðin

100.000 krónur, en vararefsing ákveðst 30 daga varðhald. Þá verður ákærði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, eins og greinir í dómsorði.

Embætti ríkissaksóknara fékk mál þetta sent frá Rannsóknar-lögreglu ríkisins 26. júní 1989, og lá málið þar í 14 mánuði, þar til það var sent sakadómi Reykjavíkur með dómsáttarheimild 30. ágúst 1990. Ber að átella þennan seinagang, en hér var um einfalt mál að ræða.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Lárusson, greiði 100.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 30 daga.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttar-lögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. janúar 1992.

Ár 1992, mánudaginn 27. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 38/1992: Ákærvaldið gegn Guðmundi Lárussyni, sem tekið var til dóms 17. janúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 11. september sl., á hendur ákærða, Guðmundi Lárussyni, Háagerði 14, Reykjavík, kennitala 200645-3759, „fyrir að hafa um mánaðamót júní/júlí 1988 keypt 1200 0,33 l dósir (50 kassa) af Becks-bjór, sem ákærða var ljóst, að hafði verið fluttur ólöglega hingað til lands. Seljandi bjórsins var Magnús Kjærnested, kt. 290147-3289, og veitti ákærði bjórnum viðtöku að Smiðs-höfða 1 í Reykjavík, flutti hann heim til sín og hafði að mestu leyti til eigin neyslu.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 1. mgr. 124. gr. tollalaga nr. 55, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir eru þessir:

Við yfirheyrslur hjá RLR í marsmánuði árið 1989 viðurkenndi Magnús Kjærnested, stýrimaður á ms. Mánafossi, að hafa í júní árið 1988 keypt

í Antwerpen 300 kassa af 33 cl Becks-bjór og síðan flutt bjórinn með skipinu til Íslands í vörugámi. Kvaðst Magnús hafa selt bjórinn ýmsum aðilum hér á landi, meðal annarra hefði ákærði keypt 50 kassa. Ákærði var yfirheyrður hjá RLR 30. mars 1989. Kvað ákærði Magnús hafa boðið sér bjór til kaups, og kvaðst ákærði hafa farið til fundar við Magnús í vörugeymslu á Ártúnshöfða, þar sem hann festi kaup á 50 bjórkössum. Kvaðst ákærði hafa greitt 2.500-2.700 kr. fyrir kassann, og hefði bjórinn að mestu verið ætlaður til einkanota.

Samkvæmt gögnum málsins eru rannsóknargögn send ríkissaksóknara með bréfi RLR 26. júní 1989, en með bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 30. ágúst 1990, er sakadómi Reykjavíkur sent málið, þar sem heimilað er, að máli ákærða og níu annarra verði lokið með dómsátt.

Hinn 26. apríl kom ákærði fyrir dóm og var þá inntur eftir því, hvort hann féllist á að ljúka málinu með dómsátt, en áður hafði honum verið veittur frestur til að taka afstöðu til þess. Lýsti þá ákærði yfir því, að hann hafnaði sáttarboðinu, og tók fram í því sambandi, að sér þætti sektarfjárhæðin, sem nefnd var, of há, en einnig hefði hann ýmislegt annað við málið að athuga.

Ákæra í máli þessu var gefin út 11. september sl., eins og áður greinir, og var ákærða birt ákæran 8. október sl. Er ákærði var yfirheyrður fyrir dómi 17. janúar sl., viðurkenndi hann ákæruefnið.

Verjandi ákærða hefur hreyft þeirri málsvörn, að sök í máli þessu sé fyrnd.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

Samkvæmt 2. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 5. gr. laga nr. 20, 1981, fyrnast tolllagabrot á fimm árum. Hefur sú túlkun verið staðfest með dómi Hæstaréttar Íslands, upp kveðnum 21. nóvember sl., í málinu nr. 340/1991. Telja verður, að þessi sérstaki fyrningarfrestur taki einnig til kaupenda smyglvarnings, enda ekki síður örðugleikar á að ljóstra upp um brot þeirra. Brot ákærða, sem hér er fjallað um, var framið um mánaðamót júní/júlí 1988, og er sök ákærða því ófyrnd samkvæmt framansögðu.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki sætt refsingum, sem hér skipta máli.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 150.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 50 daga.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thoroddsen hrl., 25.000 kr.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Lárusson, greiði 150.000 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 50 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thoroddsen hrl., 25.000 kr.
